



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 9. mars 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: fös 09.03.2022 kl. 14:00

Mættir: Anna, Ragnar, Áróra, Íris, Alexandra, Bjarni, Olga, Sirrý

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – bjarni@buseti.is
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
8. Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Ný stöðugildi hjá GB

1. Fréttir úr starfi

Næsti morgunfundur GB verður haldinn 16. mars og verið er að ganga frá endanlegri fundarstaðsetningu – verður staðfest föstudag (hjá Grósku eða EFLU). Þema fundarins verður hringrásarhagkerfið og verða Jón Viggó frkv.stjóri SORPU og Vigdís Bergsdóttir með framsögu.

Verk og vit ráðstefnan verður haldin í Laugardalshöll 24. – 27. mars. GB hefur skráð sig til þátttöku og mun vera með bás. Innifaldir eru 18 fagaðilamiðar fyrir aðila GB og verða þeir auglýstir (fyrstur kemur fyrstur fær). Fyrirkomulag viðveru og kynningarefnis var rætt, en hugmyndin er að það verði rúllandi kynningarefni á skjá, t.d. rannsóknarverkefni sem GB hefur látið vinna sem og samstarf við Norðurlandapjóðir og WGBC. Þetta efni mætti svo nýta áfram fyrir alla næstu viðburði. Áróra gengur frá kynningarefni, mönnun o.fl.

Reikningar fyrir aðildargjöldum hafa nú verið send út og er eindagi í lok mánaðar.

Dómnefnd fyrir Grænu skófluna, viðurkenningu Grænni byggðar fyrir mannvirki með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum, hefur verið að störfum við að velja úr tillögum sem bárust í hugmyndasamkeppni innan Listaháskóla Íslands um verðlaunagrip. Niðurstaða dómnefndar liggur nú fyrir og var einróma niðurstaða um bestu tillöguna. Beðið verður um hreinteikningu tillögunnar áður en hún verður kynnt út á við, og taka Anna Sigríður, fulltrúi stjórnar í dómnefnd, og Áróra málið áfram.

Aðalfundur GB hefur verið boðaður 28. apríl og fer næsti stjórnarfundur m.a. í að undirbúa þann fund.



1. Ný stöðugildi hjá GB

Olga kynnir fyrir stjórn erindi af hálfu HMS og Inviðarráðuneytis. Inviðarráðuneytið er nú aðili að norrænu verkefni, Nordic Sustainable Construction 2021 – 2024, á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Settir hafa verið af stað vinnuhópar sem stýrðir eru af öllum Norðurlöndunum og ber Ísland ábyrgð á vinnupakka 4 eða WP4: *Emissions free construction sites*. Ráðuneytið hefur falið HMS verkefnastjórn, og er vinnupakkanum skipt í 6 aðgerðir sem kynntar voru fyrir stjórn. Ráðuneyti og HMS lýsa yfir áhuga á að fá Grænni byggð til þess að taka þátt í verkefnastjórn og vinnu sem felur í sér umfangsmikið samráð meðal byggingarbransans á Íslandi og á Norðurlöndunum, eða því sem nemur um einu stöðugildi til tveggja ára, 2022 – 2024.

Var þessi tillaga rædd meðal stjórnar og tók hún einróma jákvætt í þessar tillögur. Með þessu skapast verðmæt þekking fyrir Ísland, fyrir félagið og alla aðildarfélaga og hér gefst tækifæri á að styrkja böndin við systursamtök GBC á Norðurlöndunum og efla samstarf við nágrannapjóðir. Rædd var útfærsla stöðugildis og samstarfs við ráðuneyti og HMS, en samþykkt var að Olga og Áróra munu vinna nánar að útfærslu og bera tillögu að ramma undir stjórn á næsta fundi.

Tilkynnt var um það miðjan febrúar að CIRCON verkefnið hefði verið samþykkt. Þann 21. febrúar var auglýst stöðugildi hjá GB til að vinna að verkefninu ásamt pólska GBC til tveggja ára og bærust allnokkrar umsóknir fyrir frest 1. mars. Munu Áróra og Ragnar taka viðtöl á næstu vikum til að finna réttan aðila í verkefnið.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 15:15. Næsti fundur stjórnar er boðaður 6. apríl 2022.